

Nd.

269. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrarántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frv. þessu, sem rætt var lauslega á einum fundi fjárhags- og viðskiptanefndar í morgun og ætlunin mun að afgangi á einum eða tveim dögum á Alþingi, er fjármálaráðherra heimilað að taka erlent lán á næsta ári að jafnvirði allt að 9 732 millj. kr. Alls eru ráðgerðar lántökur ríkisins á næsta ári sem nemur 10 030 millj. kr. Stærsta lántakan er vegna Kröfluvirkjunar, samtals að upphæð tæpar 3 500 millj. kr. Þrátt fyrir þá miklu gagnrýni, sem þær framkvæmdir hafa sætt, virðist ætlun stjórnvalda að halda þeim áfram með fyllsta hraða og án þess að breyta þar að nokkru leyti um stefnu. Verður ekki hjá því komist að ræða það mál allt sem sérstakt þingmál, þegar Alþingi kemur saman að nýju.

Þá er skuldaférfun ríkissjóðs, erlendis og innanlands, orðin svo alvarlegt vandamál, að taka verður það mál í heild til sérstakrar umræðu síðar á þinginu.

Vegna þess, hvernig að flutningi þessa frv. er staðið, mun ég láta afgreiðslu þess afskiptalaus, en áskil mér rétt til þess að ræða lántökur ríkissjóðs og skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1977 í heild síðar á þinginu.

Alþingi, 20. des. 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.